

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 2. og 5. gr. laga nr. 33 26. apríl 1963 um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 176 27. maí 1963.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. maí 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumanns Skagafjarðarsýslu um flutning þingstaðar í Skarðshreppi.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 31. mars sl. og ósk hreppsnefndar Skarðshrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Innstalandi að Skarði enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. maí 1977.

F. h. r.

Baldur Möller.

Dorleifur Pálsson.